



Sorpeyðingarstöð
Suðurnesja sf.

Alþingi
Erindi nr. P 128/1235

komudagur 21.2.2003

SUÐURNES INCINERATOR AUTHORITY

FITJUM • 260 NJARÐVÍK • SÍMI 421 3788 • FAX 421 3766 • PÓSTHÓLF 56 • KT. 531278-0469 • VEFFANG: www.sss.is/ss • NETFANG: sss@sss.is

Suðurnesjum 10. febrúar 2003.

Nefndasvið Alþingis
Umhverfisnefnd
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK.

**Varðar umsögn um frumvarp til laga um meðhöndlun úrgangs, 338. mál,
EES-reglur.**

Á stjórnarfundum Sorpeyðingarstöðvar Suðurnesja þann 6. febrúar s.l. var tekið fyrir erindi yðar dags. 27. nóv. 2002 þar sem óskað var umsagnar um frumvarp til laga um meðhöndlun úrgangs, 338. mál, EES-reglur.

Eftirfarandi umsögn var samþykkt:

Athugasemdir við einstakar greinar:

1. Tilskipun ESB 1999/31, sem frumvarpið er byggt á, segir að draga þurfi úr urðun lífræns heimilisúrgangs á 15 ára tímabili en viðmiðunarárið er 1995. Lokatakmarkið er að árið 2016 skuli lífrænn úrgangur ekki vera meira en 35% af því sem hann var á viðmiðunarárinu. Stjórn Sorpeyðingarstöðvar Suðurnesja telur ljóst að þessar áætlanir munu hafa mikil kostnaðaráhrif á förgun heimilissorps fyrir sveitarfélögin á Suðurnesjum, verði frumvarpið að lögum. Ekki liggur fyrir hver kostnaðaraukinn yrði og því telur stjórn Sorpeyðingarstöðvar Suðurnesja brynt að gera kostnaðarmat vegna hinnar nýju tilskipunar.

Athugasemdir við 3. grein:

Söfnunarstöð (gámastöð) - Samræma þarf betur orðaskýringar. Söfnunarstöðvar á höfuðborgarsvæðinu hafa verið kallaðar endurvinnslustöðvar en samkonar stöðvar á Suðurlandi gámastöðvar. Þetta veldur misskilningi.

Athugasemdir við 15. grein um starfsleyfistryggingu:


Talað er um samfellda vöktun urðunarstaðar 30 árum eftir að honum er lokað. Ekki er tekið fram í lögum hver sú upphæð á að vera, heldur sé hún metin af Umhverfisstofnun (Hollustuvernd). Stjórn Sorpeyðingarstöðvar Suðurnesja telur að setja verði skýr viðmið hver upphæðin á að vera, svo sveitarfélög geti gert sér grein fyrir útlögðum kostnaði eftir lokun urðunarstaðar.

Athugasemdir við 21. grein:

Stjórn Sorpeyðingarstöðvar Suðurnesja telur starfsvið heilbrigðisnefnda og Hollustuverndar ekki vera nógu skýr, þ.e. hver fari með eftirlit og þvingunarúrræði. Það er hagur allra aðila að verkvið eftirlitsaðila séu ljós, þ.e. það sé ekki í höndum margra aðila. Samkvæmt 21. grein gefur Hollustuvernd út starfsleyfi en er heimilt að fela heilbrigðiseftirliti eftirlit en að sama skapi verða þvingunarúrræðin áfram hjá Hollustuvernd. Þetta leiðir til ósamræmis og óvirkni í boðleiðum fyrir alla hagsmunaaðila.”

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,



Guðjón Guðmundsson, framkv.stj.